



2010

Þjóðarspegilinn

Auka konur í friðargæslu öryggi kvenna? Um kyn í friðargæslu

Silja Bára Ómarsdóttir

Stjórn málafræðideild
Ritstjóri: Silja Bára Ómarsdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritstýrð grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9935-424-06-8



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Auka konur í friðargæslu öryggi kvenna?

Um kyn í friðargæslu

Silja Bára Ómarsdóttir

Viðfangsefni þessarar greinar er að draga saman fræðilega umræðu um kyn í friðargæslu. Með því er skapaður grundvöllur fyrir rannsókn á framlagi kvenna í friðargæslu til öryggis kvenna á áttaksvæðum á erlendri grund. Íslensk utanríkisstefna hefur í auknum mæli lagt áherslu á kvenfrelsi og er sú nálgun kynnt sem grunnstoð stefnunnar. Þessi samantekt leggur grunninn að væntanlegri rannsókn, en markmið hennar er að kynna því hverjar upplifanir og skoðanir íslenskra kvenna sem hafa starfað í friðargæsluverkefnum fyrir íslenska ríkið eru. Eins og fram kemur í fyrri rannsókn minni (Silja Bára Ómarsdóttir, 2010) má greina aukna áherslu á kvenfrelsi í orðræðu íslenskra utanríkisráðherra á árunum 1999-2009. Þar kemur skýrt fram að með aðkomu kvenna að ákvarðanatöku í utanríkismálum hefur orðræða um konur og stöðu kvenna á alþjóðavettvangi orðið sífellt meira áberandi. Orðræðan endurspeglar í þeim fáu heimildum sem hægt er að leggja til grundvallar í greiningu á utanríkisstefnu Íslands, aðallega þegar konur eru í embætti utanríkisráðherra. Í fyrri rannsókn kom hins vegar ekki fram hvort þessi breyting á orðræðu væri í samræmi við upplifun þeirra sem vinna við framkvæmd íslenskrar utanríkisstefnu á erlendri grund og er ætlunin að bæta þar úr.

Greinin er þannig byggð upp að fyrst er hlutverk kvenna í utanríkismálum og friðargæslu skoðað. Örstutt er lítið til skilgreininga á öryggi og sérstaklega hugað að því hvað stuðlar að öryggi kvenna. Áhrif karlmennsku, sérstaklega þeirrar ýktu karlmennsku sem birtist í hernaði, á friðargæslu eru dregin fram og rætt hvort, og þá hvernig, aðkoma kvenna að friðargæsluverkefnum sé öðruvísi en aðkoma karla. Að lokum er velt upp spurningum um það hvernig helstu niðurstöður kunni að endurspeglar í vali verkefna og framkvæmd þeirra hjá Íslensku friðargæslunni.

Hlutverk kvenna og áhrif á utanríkismál

Utanríkismál eru almennt viðfangsefni karla, bæði hér á landi (Silja Bára Ómarsdóttir, 2010) og erlendis. Þessi skipting endurspeglar sterklega aðgreiningu milli „harðra“ og „mjúkra“ málefna, þar sem mjúku málin eru tengd við konur, en þau hörðu við karla. Utanríkismál tengjast öryggi og hernaði, þau eru hápólítísk og hörð mál í alla staði. Konur hafa í auknum mæli tekið þátt í stefnumótun og framkvæmd utanríkismála síðustu áratugi en þátttaka þeirra var verulega takmörkuð fram undir miðjan tíunda áratug liðinnar aldar (Birna Þórarinsdóttir, 2009) Mikið vantar enn upp á að jöfnuður ríki milli karla og kvenna á þessum vettvangi, en 144 konur hafa gegnt embætti utanríkisráðherra (Worldwide Guide to Women in Leadership, e.d.b) og 64 embætti varnarmálaráðherra (Worldwide Guide to Women in Leadership, e.d.a) í heiminum þegar þetta er skrifað. Tvær konur hafa gegnt embætti utanríkisráðherra á Íslandi, Valgerður Sverrisdóttir úr Framsóknarflokki og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir úr Samfylkingu. Báðar gegndu embættinu aðeins í um eitt ár. Greina mátti breytingar á áherslum utanríkisráðuneytisins áður en þær tóku við embætti og má tengja þessar breytingar við aðgerðir stjórnmalamanna, frjálsra félagasamtaka og embættismanna

(Silja Bára Ómarsdóttir, 2010). Á Íslandi voru kvenlægar áherslur mun meira afgerandi þegar kona var við stjórnvölinn í ráðuneytinu en þegar karl gegndi embætti utanríkisráðherra.

Á alþjóðavettvangi hafa aðgerðir kvenna og kvennahreyfinga einnig haft veruleg áhrif á stefnumótun á alþjóðavettvangi, eins og sjá má á ferlinu sem leiddi til staðfestingar á ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi (Carey, 2001). Sést þetta m.a. í Windhoek ályktuninni sem var samþykkt í maí 2000 (Windhoek Declaration, 2001) og er fyrirrennari ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi sem var samþykkt í lok október sama ár. Með þeirri ályktun skapa Sameinuðu þjóðirnar formlegan grundvöll fyrir starfi að jafnréttismálum á átakasvæðum og gera ljóst að konur þurfa að eiga aðild að friðaruppbyggingu og friðargæslu ef hagsmunir þeirra eiga að vera tryggir.

Ályktun 1325 sýnir hver áhrif kvenna og kvennahreyfinga geta verið á utanríkis- og alþjóðamál. Þótt ályktunin sé að mörgu leyti veik, þá hefur hún haft gífurleg áhrif og sá fjöldi ríkja fer vaxandi sem mótar verklag sitt í friðargæslu í samræmi við ályktunina. Ályktunin hefur einnig skapað forsendur fyrir öðrum ályktunum öryggisráðsins sem tengjast stöðu kvenna á alþjóðavettvangi, þar á meðal ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1820 (2008) um konur, frið og öryggi, en þar er nauðgun skilgreind sem stríðsglæpur. Fyrst var vísað til nauðgana sem stríðsglæpa í skýrslu mannréttinda-fulltrúa Sameinuðu þjóðanna árið 2000, í kjölfar átakanna á Balkanskaganum (Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna, 2000). Þessar breytingar bera því skýrt vitni að öryggi kvenna er komið á dagskrá ríkja sem markmið í sjálfu sér.

Þjóðaröryggi og öryggi kvenna

Hugtakið öryggi hefur lengst af verið tengt við öryggi ríkisins. Það er þá skilgreint út frá hernaðarlegum og pólitískum þáttum, þ.e. sem hápólitískt viðfangsefni. Þessi skilgreining er í takt við raunhyggju (*realism*) í alþjóðasamskiptum, þar sem helsta markmið ríkisins er talið vera að tryggja eigin hag og öll önnur markmið séu undirskipuð því markmiði. Eftir lok kalda stríðsins fóru ýmsir fræðimenn að velja því upp að víðtækari skilnings á öryggi væri þörf. Þar má einkum nefna Barry Buzan, en bók hans *People, States and Fear* (Buzan, 1991) lagði grunninn að breyttum skilningi á öryggi. Buzan, Wæver og de Wilde (1998) unnu svo frekar úr fyrstu hugmyndum Buzans með bók sinni *Security: A New Framework for Analysis*. Þar er öryggi skilgreint út frá hernaði og stjórnámálum eins og í raunhyggjunni, en einnig út frá umhverfis-, efnahags- og samfélagslegum þáttum. Áður hafði Wolfers (1962) skilgreint öryggi í hlutlægum skilningi sem fjarveru ógna við viðtekin gildi, og í huglægum skilningi sem fjarveru ótta við að rádist yrði á þau gildi. Þessi víðtækari nálgun á öryggi hefur öðlast verulegt fylgi í dag þótt fylgismenn raunhyggjunnar telji að með henni sé of lítið gert úr þeirri ógn sem kann að stafa af hernaði (Tickner, 2001; Valur Ingimundarson, 2008). Á Íslandi hefur öryggi ekki verið formlega skilgreint sem hluti af íslenskrri utanríkisstefnu, en í almannavarnalögum er að finna nálgun sem endurspeglar breiðari skilning á öryggi (Silja Bára Ómarsdóttir, 2008).

Hefðbundnar nálganir að öryggi dylja óöryggi sem bæði karlar og konur búa við í sínu daglega lífi. Það óöryggi sem konur búa við er þó oft af öðrum toga en það sem karlar kynnast og tengist einkum undirskipaðri stöðu þeirra í flestum, ef ekki öllum mannlegum samfélögum. Tickner (1992) bendir á að femínísk skilgreining á öryggi verði að fela í sér útrýmingu allra tegunda ofbeldis, þar á meðal þess ofbeldis sem leiðir af kynjatengslum yfirráða og undirskipunar. Í BA-ritgerð sinni fjallaði Steinunn Rögnvaldsdóttir um öryggi kvenna og dró þar fram hvernig konur eru sviptar mannréttindum sínum víða um heim (Steinunn Rögnvaldsdóttir, 2009). Óöryggi þeirra er því oft dulið, því mælikvarðarnir sem beitt er mæla einungis mannréttindabrot sem

byggja á mannréttindum karla. Til að sporna gegn þessu hafa femínískir fræðimenn á borð við Caprioli (2004) reynt að þróa nýja mælikvarða.

Caprioli fjallar um persónulegt öryggi kvenna og heilsuöryggi, efnahagslegt öryggi, og félagslegt og menningarlegt öryggi, auk þess að kynna mælingar á mannréttindum. Persónulegt öryggi og heilbrigðisöryggi mælir Caprioli með frjósemi, tíðni tilkynnta nauðgana, og hlutfalli fæðinga í viðvist heilbrigðisstarfsfólks. Frjósemi endurspeglar gjarnan menntunarstig og valdastöðu kvenna í samfélagi, nauðganir gefa skýra mynd af persónulegu öryggi þeirra, og fæðingar að viðstöddu heilbrigðisstarfsfólki draga úr dánartíðni og endurspeglar hvaða áhersla er lögð á öryggi kvenna (Caprioli, 2004). Efnahagslegt öryggi kvenna er mælt með samanburði á tekjum karla og kvenna annars vegar og vinnuþátttöku kvenna hins vegar. Jöfnuður á báðum þessum sviðum er talinn endurspeglar sjálfræði kvenna innan samfélags og auknar tekjur kvenna styrkja sjálfstraust þeirra og stöðu, auk þess sem það styrkir ákvörðunarvald. Félagslegt og menningarlegt öryggi kvenna er svo mælt með menntunarstigi, en ólæsi og fáfræði eru meðal þeirra þátta sem helst viðhalda kynjuðum valdakerfum og koma í veg fyrir að konur nýti sér pólitísk réttindi sín. Læsi og menntun stuðla aftur á móti að pólitísku og efnahagslegu frelsi og styrkja ákvörðunarvald kvenna (Caprioli, 2004).

Þær breytur sem Caprioli telur til henta sérstaklega vel til að meta öryggi kvenna á átakasvæðum og þar sem friðaruppbygging fer fram. Konum er víðast hvar mismunað, en það ofbeldi sem þær sæta á átakatímum byggir að miklu leyti á undirskipun þeirra. Til þess að fá mynd af því hvort friðargæsluverkefni stuðli að öryggi kvenna virðist því rökrétt að nota þá mælikvarða sem Caprioli kynnir frekar en að einblína á hernaðarlegan styrk landsins, en hann myndi eingöngu endurspeglar öryggi ríkisins en ekki þeirra sem það byggja.

Karlmennska, kvenleiki, hernaðarhyggja og friðargæsla

Árásarhneigð, hermennska og átök eru hugtök sem eru í flestum samfélögum tengdari karlmennsku en kvenleika. Engu að síður hafa konur þjónað í herjum í aldanna rás, oftast í stuðningshlutverkum í herbúðum þar sem þær hjúkruðu, elduðu, og veittu kynlífsþjónustu. Í færri skrásettum tilvikum hafa þær gegnt herþjónustu sjálfar. Stöku konur hafa verið leiðtogar, eins og Jóhanna af Örk, aðrar hafa orðið frægar fyrir einstaka atvik eins og Molly Pitcher, sem hleypti af fallbyssu í frelssítriði Bandaríkjanna (Goldstein, 2004). Sumir vilja meina að það sé karlmönnum edlislegt að beina árásarhneigð sinni út á við (Fukuyama, í Whitworth, 2004) og það sé best gert með því að formbinda hana í hermennsku, sem sé náttúrulegt verkefni ungra karla. Þetta lítur þó framhjá því hvernig menningarheimar móta bæði karla og konur samkvæmt ákveðnum reglum. Hér er hins vegar gerður greinarmunur á körlum og konum annars vegar, og karlmennsku og kvenleika hins vegar. Karlar og konur geta bæði sóst eftir karlmannlegum og kvenlegum eiginleikum og endurspeglar þá í hegðun sinni.

Hugmyndir um hermennsku eru nátengdar karlmennsku, þær styrkja hana og viðhalda henni. Þannig er það gjarnan talið körlum til tekna í framboði til embætta víða um heim ef þeir hafa innt af hendi herþjónustu – meira að segja í Ísrael, þar sem bæði konur og karlar gegna herskyldu (DeGroot, 2001). Goldstein bendir á að karlar hafi sögulega verið gerðir að hermönnum – og hermennska að karlmennsku – með því að tengja eiginleika góðs hermanna við manndóm eða karlmennsku (2004). Það er félagsmótun og þjálfun sem gerir karla karlmannlega, þeir eru ekki fæddir í hlutverkinu. Kynhlutverkið er tæki samfélagsins til að móta hermenn, þeir urðu hetjur þegar þeir börðust en gungur ef þeir brugðust ekki við herfallinu (Gerzon, í Goldstein, 2004). Þetta kann þó að hafa breyst eitthvað eftir því sem þeim stríðum hefur fjölgað sem hermennirnir snúa ekki heim úr sem hetjur (Goldstein, 2004).

Karlmennskan byggir einnig á aðgreiningu frá andstæðu sinni, sem er þá kvenleikinn. Kvenleiki er gjarnan tengdur friði. Fyrr á öldum var algengt að binda endi á átök með því að gefa konur óvinum. Á tuttugustu öld eru svo friðarhreyfingar kvenna – t.d. Women's International League for Peace and Freedom og Greenham Common – vel þekktar (Goldstein, 2004). Íslensk dæmi styðja þetta, en Kvinnalístinn fjallaði ávallt um friðar- og utanríkismál (Kvinnalístinn, 1983; Silja Bára Ómarsdóttir, 2010), en ekki utanríkis- og/eða öryggis- og varnarmál eins og aðrir flokkar.

Friðargæsluverkefni má rekja nokkurn veginn aftur til stofnunar Sameinuðu þjóðanna. Lengi framan af fólst hún einkum í því að setja hlutlaust herlið (með bláar húfur) á milli stríðandi fylkinga eftir að skrifað var undir friðarsamkomulag. Friðargæsla er því þótt undarlegt megi virðast, sérstaklega tengd hernaði og einkennist því af sams konar ýktri karlmennsku og hernaður. Eftir lok kalda stríðsins urðu friðargæsluverkefni flóknari, en mörg verkefni byggja þó að miklu leyti á þessari hernaðarlegu nálgun. Hún útilokar því oft konur á grundvelli verkefnavals, líkamlegrar getu og kynhlutverks (Sion, 2008).

Íslenska friðargæslan var formlega stofnuð árið 2001 (Utanríkisráðuneyti Íslands, e.d.) þótt utanríkisráðuneytið hafi sent einstaklinga til starfa í friðargæsluverkefnum á erlendri grund frá því 1950 (Utanríkisráðuneyti Íslands, 2008). Hugmyndafræði íslensku friðargæslunnar er mjög tengd hinu hefðbundna, hertengda módeli, þótt breytingar á friðargæslu hafi í raun verið forsenda þess að Ísland gat tekið markvissan þátt í friðargæslu. Frá formlegri stofnun friðargæslunnar hefur áhersla verið lögð á verkefni sem tengjast stöðu kvenna á erlendri grund og eftir að ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um konur, frið og öryggi númer 1325 var staðfest hefur Ísland lagt áherslu á það að fjármagna ávallt stöður sem tengjast kynjafnrétti hjá Sameinuðu þjóðunum. Þrátt fyrir þessa áherslu að forminu til hefur framkvæmdin ekki alltaf verið í samræmi við hana og um nokkurra ára skeið voru karlar yfirgnæfandi meirihluti útsendra starfsmanna (tölvupóstur frá utanríkisráðuneyti). Þótt friðargæslan sé einungis afmarkaður hluti utanríkisþjónustu, þá hefur hún ákveðna sérstöðu en þetta er eini vettvangurinn þar sem Íslendingar hafa bein afskipti af átakasvæðum í heiminum. Áhersla á kynjafnrétti á þessum vettvangi endurspeglar þá forgangsroðun sem lesa má úr breytingum á skýrslum utanríkisráðherra til þingsins síðastliðinn áratug (Silja Bára Ómarsdóttir, 2010) en ekki virðist alltaf skýr tenging milli þeirra áherslna og framkvæmda.

Eina ársskýrsla friðargæslunnar sem er aðgengileg á netinu er frá árinu 2007. Þar eru nefndar sjö konur sem unnu að verkefnum tengdum Þróunarsjóði Sameinuðu þjóðanna fyrir konur (UNIFEM) eða Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF). Þrjár konur og sex karlar eru hins vegar nefnd sem starfa að vopnahléseftirliti, í lögregluverkefni, upplýsingafulltrúastörfum, eða sem sprengjusérfræðingar. Tvær konur eru tvítaldar, en þær störfuðu annars vegar fyrir UNIFEM á Balkanskaganum og hins vegar að vopnahléseftirliti á Sri Lanka. Að auki eru taldar upp þær konur sem hafa starfað að verkefnum tengdum UNIFEM á Balkanskaganum. Í sömu skýrslu er tekið fram að kynjaskiptin í friðargæslu á fyrri hluta ársins 2007 hafi verið 27/73 körlum í vil, en á seinni hluta ársins 38/62. Á ársgrundvelli var hlutfallið 28/72 körlum í vil (Utanríkisráðuneyti Íslands, 2008). Það er því augljóst að þó mikið sé fjallað um verkefni í þágu kvenna í ársskýrslunni, þá sinna karlar og konur ekki þeim verkefnum jöfnum höndum.

Sem herlaust land mætti ætla að Íslenska friðargæslan félli síður í þær gildirur kyngervis sem erlendar friðargæslusveitir lenda í vegna hefða sem tengjast því að karlar einir hafa lengst af notið þess vafasama heidurs að gegna herþjónustu. Friðargæsla íslensku utanríkisþjónustunnar hefur að einhverju leyti mótast af því að landið er herlaust, en Gunnar Páll Baldvinsson (2008) bendir á að íslensk stjórnvöld hafi um miðjan tíunda áratug liðinnar aldar ekki lengur getað færst undan ábyrgð á þátttöku í friðargæsluverkefnum á vegum t.d. NATO. Upphaflega var sú lausn valin að senda

heilbrigðisstarfsfólk utan í verkefni innan herja aðildarríkja NATO og sinntu bæði karlar og konur þeim störfum. Upp úr aldamótum tók Íslenska friðargæslan hins vegar að sér rekstur flugvallarins í Kósóvó og síðar í Kabúl. Í kjölfarið urðu verulegar breytingar á kynjasamsetningu friðargæslunnar og var þetta verkefnaval konum mjög í óhag (Birna Þórarinsdóttir, 2005). Ýmis verkefni Íslensku friðargæslunnar eru þannig þess eðlis að líklegt virðist að friðargæslan taki þátt í því að viðhalda kynjahugmyndum sem byggja á eðlishyggju, en það er í samræmi við niðurstöður erlendra fræðimanna sem hafa rannsakað friðargæsluverkefni (Higate og Henry, 2004; Valenius, 2007). Þannig hefur Íslenska friðargæslan einkum sent konur til starfa í kvenlæg verkefni en karla í önnur verkefni – kynhlutlaus eða karllæg. Konur vinna gjarnan sem upplýsinga-fulltrúar eða að þróunarstörfum, á meðan karlar eru flugumferðarstjórar, slökkviliðs- eða iðnaðarmenn (tölvuþóstur frá utanríkisráðuneyti).

Hernaður og friðargæsla á átaksvæðum eru jöfnum höndum tengd karlmennsku og flest ríki virðast hafa tilhneigingu til að viðhalda aðgreiningu kynjanna þegar kemur að friðargæsluverkefnum. Þetta er gert með því að setja karla í verkefni sem eru metin karllæg, t.d. eftirlit á átaksvæðum, en konur í kvenlæg verkefni, t.d. þau sem tengjast menntun og valdeflingu kvenna, velferð barna, eða matvælaaðstoð. Ísland er engin undantekning frá þessu.

Stuðla konur að öryggi kvenna?

Það er þrástef í rannsóknum á friðargæslulíðum og friðargæsluverkefnum að konur eigi auðveldara með að tengjast íbúum svæðisins sem þær þjóna á en karlar. Bæði karlar og konur eru talin treysta konum betur en körlum. Þetta kann að endurspeglar þá upplifun sem íbúar átaksvæða hafa af körlum sem hermönnum, eða eiga rætur sínar að rekja til dýpri kynjamynnda þar sem konur eru taldar friðsamari en karlar. Sion (2008) og Valenius (2007) tala um það að konur gegni ákveðnum hlutverkum í friðargæsluverkefnum og að verkefni styrki og viðhaldi þannig kynjamyndum sem byggjast á eðlishyggju. DeGroot (2001) bætir við að kvenlægir eiginleikar ættu að henta betur til friðargæslu en karllægir, og nefnir að konur séu taldar líklegri til að semja friðsamlega um lausn mála en að grípa til ofbeldis. Að auki segir DeGroot að löng hefð sé fyrir því að nota konur til að tengjast íbúum hernuminnna svæða. Dæmi DeGroots eru frá fyrri heimsstyrjöldinni og byltingunni í Kína, en konur í herjum segja sambærilegar sögur af reynslu sinni af upplýsingaöflun og eftirlitsstörfum í Afganistan í dag (Linda Johansson, munnleg heimild, 27. janúar 2010). Þær segja að konur og karlar treysti konum betur fyrir upplýsingum og öryggi sínu. Kona sem stendur vörð fyrir utan herstöð er ekki sögð vera sams konar ógn og karlmaður, þótt hún sé eins vopnuð. Konur virðast því stuðla beint og óbeint að öryggi kvenna og að því að konur upplifi sig öruggar.

Atorka kvenna hefur reynst nauðsynleg til að koma öryggi kvenna á dagskrá alþjóðlegra friðargæsluverkefna. Verkefni sem eru mótuð í samræmi við ályktanir öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 og 1820 endurspeglar því sýn kvenna á öryggi, frekar en hernaðarmiðaða nálgun. Einn grunnþáttur í því að innleiða slík verkefni er að konur taki þátt í þeim til jafns við karla. Þannig eru verkefni miðuð að valdeflingu kvenna, aðkomu þeirra að friðaruppbyggingu, útrýmingu kynbundins ofbeldis og styrkari efnahagslegri stöðu. Allir þessir þættir stuðla að auknu öryggi kvenna eins og Caprioli (2004) telur nauðsynlegt að mæla það.

Rúmlega sextíu konur hafa verið sendar til friðargæsluverkefna á erlendri grund (Utanríkisráðuneyti Íslands, 2008) og fyrirliggjandi verkefni í þessari rannsókn er að skoða hvort þær vinni frekar en karlar að velferð kvenna og barna eða að öðrum kvenlægum verkefnum. Markmiðið er að sjá hvort konur stuðli þannig að öryggi kvenna á einhvern þann máta sem karlar gera ekki.

Lokaorð

Hér hefur verið farið yfir helstu hugmyndir um hlutverk kvenna í utanríkismálum og áhrif þeirra á utanríkisstefnu. Rætt var um öryggismál, með sérstakri áherslu á spurningar um öryggi kvenna og velt upp þeim áhrifum sem hernaðarhyggja hefur á karlmennskuhugmyndir og tengsl þessara hugtaka við friðargæslu. Að lokum var farið yfir rannsóknir um áhrif kvenna í friðargæsluverkefnum á öryggi kvenna á áttaksvæðum og þar sem friðaruppbygging á sér stað. Allt leggur þetta grunninn að frekari rannsóknum sem munu skoða hvort einhver tengsl séu milli yfirlýstra femínískra áherslna í utanríkisstefnu Íslands og þeirra verkefna sem konur sinna á vettvangi friðargæslu, þ.e. hvort þær innleiði þessar áherslur í framkvæmd verkefna sinna. Leitast verður við að skoða hvort og þá hvernig kyn mótar reynslu kvenna í friðargæslustörfum og hvort bera megi reynslu íslenskra kvenna saman við reynslu sem lýst er í erlendum rannsóknum. Þessi samantekt tekur því fyrstu skref í átt að rannsókn á hlutverki kvenna íslenskra friðargæslu og utanríkisstefnu.

Heimildir

- Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. (2000). *Report of the United Nations High Commissioner for Human Rights*. New York: United Nations.
- Birna Þórarinsdóttir. (2005). *Íslenska friðargæslan: Jafnréttis- og kynjasjónarmið í stefnu og starfsemi 1994-2004. Rannsókn unnin fyrir Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og UNIFEM á Íslandi*. Reykjavík: RIKK. Sótt 4. júní 2010 af http://www.rikk.hi.is/sites/files/rikk/slideshow/Iskenska_fridargaeslan_2005.pdf
- Birna Þórarinsdóttir. (2009). Women and Human Security. Í Halldór S. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X: Félagaráðgjafardeild og stjórnmálafræðideild* (bls. 193-206). Reykjavík: Félagsvísindstofnun Háskóla Íslands.
- Buzan, B. (1991). *People, States and Fear: An Agenda for International Security Studies in the Post-Cold War Era* (2. útgáfa). London: Harvester Wheatsheaf.
- Buzan, B., Wæver, O. og de Wilde, J. (1998). *Security: A new framework for analysis*. Boulder, Colo.: Lynne Rienner Pub.
- Caprioli, M. (2004). Democracy and Human Rights Versus Women's Security: A Contradiction? *Security Dialogue*, 35(4), 411-428.
- Carey, H. F. (2001). 'Women and Peace and Security': The Politics of Implementing Gender Sensitivity Norms in Peacekeeping. *International Peacekeeping*, 8(2), 49-68.
- DeGroot, G. J. (2001). A Few Good Women: Gender Stereotypes, the Military and Peacekeeping. *International Peacekeeping*, 8(2), 23-38.
- Goldstein, J. S. (2004). *War and Gender: How Gender Shapes the War System and Vice Versa* (2. útgáfa). Cambridge: Cambridge University Press.
- Gunnar Páll Baldvinsson. (2008). Friðargæsla herlausrar þjóðar: Stefnunótun, sjálfmynd og orðræða. Í Valur Ingimundarson (ritstjóri), *Uppbrot hugmyndafræði: Endurmótun íslenskrar utanríkisstefnu 1991-2007* (bls. 137-175). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Higate, P. og Henry, M. (2004). Engendering (In)security in Peace Support Operations. *Security Dialogue*, 35(4), 481-498.
- Kvennalistinn. (1983). *Stefnuskrá*. Reykjavík: Kvennalistinn.
- Silja Bára Ómarsdóttir. (2008). Öryggissjálfmynd Íslands: Umræða um varnarmála- og almannavarnalög á Alþingi vorið 2008. *Stjórnmál og stjórnsýsla*, 4(2), 133-157.
- Silja Bára Ómarsdóttir. (2010). Áhrif femínisma á utanríkisstefnu Íslands 1999-2009. *Stjórnmál og stjórnsýsla*, 6(1), 73-94.
- Sion, L. (2008). Peacekeeping and the Gender Regime. *Journal of Contemporary Ethnography*, 37(5), 561-585.
- Steinunn Rögnvaldsdóttir. (2009). *Öryggi kvenna*. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild.
- Tickner, J. A. (1992). *Gender in International Relations: Feminist Perspectives on Achieving Global Security*. New York: Columbia University Press.
- Tickner, J. A. (2001). *Gendering World Politics: Issues and Approaches in the post-Cold War era*. New York: Columbia University Press.
- Utanríkisráðuneyti Íslands. (2008). *Ársskýrsla 2007: Íslenska friðargæslan*. Reykjavík: . Sótt 15. september 2010 af http://www.utanrikisraduneyti.is/media/fridargaeslan-/UTN100608_fridargaesla_lowres.pdf
- Utanríkisráðuneyti Íslands. (e.d.). *Ísland í friðargæslu*. Sótt 18. september 2009 af http://www.utanrikisraduneyti.is/media/PDF/allt_04_Prent_19ag_LOW_18.pdf
- Valenius, J. (2007). A Few Kind Women: Gender Essentialism and Nordic Peacekeeping Operations. *International Peacekeeping*, 14(4), 510-523.
- Valur Ingimundarson. (2008). Frá óvissu til upplausnar: 'Öryggissamfélag' Íslands og Bandaríkjanna 1991-2006. Í Valur Ingimundarson (ritstjóri), *Uppbrot hugmyndaakerfis: Endurmótun íslenskrar utanríkisstefnu 1991-2007* (bls. 1-66). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

- Whitworth, S. (2004). *Men, Militarism & UN Peacekeeping*. Boulder: Lynne Rienner Publishers.
- Windhoek Declaration. (2001). *International Peacekeeping*, 8(2), 115-120.
- Wolfers, A. (1962). *Discord and Collaboration*. Baltimore: Johns Hopkins University Press.
- Worldwide Guide to Women in Leadership. (e.d.a). *Female Ministers of Defence*. Sótt 3. september 2010 af http://guide2womenleaders.com/Defence_ministers.htm
- Worldwide Guide to Women in Leadership. (e.d.b). *Female Ministers of Foreign Affairs*. Sótt 3. september 2010 af http://guide2womenleaders.com/foreign_ministers.htm
- Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. (2008). *Resolution 1820*. New York: United Nations.